Samþykkt fyrir ungmennaráð Svalbarðsstrandarhrepps

1. gr.
Ungmennaráð er stofnað á grundvelli **Æskulýðslaga nr.70/2007** og er ráðgefandi um málefni ungs fólks á aldrinum 14–18 ára í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar.
Ráðið byggir á **12. og 13.gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** um rétt barna til þátttöku og að láta skoðanir sínar í ljós. Hlutverk ráðsins er að veita sveitarstjórn ráðgjöf og efla samstarf milli ólíkra hagsmunaaðila.

2. gr. – Markmið

1. Að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.
2. Að skapa leiðir til að koma sjónarmiðum ungmenna til kjörinna fulltrúa.
3. Að tryggja að börn og ungmenni séu virk í samfélagsmálum og geti komið skoðun um sínum á framfæri.

3. gr. – Hlutverk ungmennaráðs

- Vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á sitt nærumhverfi.
- Koma skoðunum og tillögum til stjórnkerfis sveitarfélagsins.

Dæmi um verkefni:

- Hafa frumkvæði að umfjöllun mála.
- Koma með ábendingar um málefni sveitarfélagsins.
- Beita sér fyrir bætt þjónustu við börn og ungt fólk.
  Ungmennaráð fjallar um mál sem sveitarstjórn eða nefndir óska eftir og önnur sem ráðið telur nauðsynleg.

4. gr. – Val á fulltrúum

- Skipun í ungmennaráð er til eins árs.
- Fulltrúar úr nemendaráði Valsárskóla skipa ungmennaráð.
  Sjá: https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/nemendrad
- Í ungmennaráði eru fjórir elstu fulltrúar úr nemendaráði Valsárskóla og einn fulltrúi skipaður af sveitarstjórn.

Á fyrsta fundi:

- Kosning formanns og varaformanns.
- Sveitarstjóri og/eða umsjónarmaður félagsmiðstöðvar aðstoða við skipulag og framkvæmd funda.

5. gr. – Fundarsköp

- Gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglur um almenn fundarsköp.
- Fundarstjórn skipt á milli nefndarmanna.

- Sveitarstjóri í samráði við formann og umsjónarmann félagsmiðstöðvar boðar til funda með dagskrá.

6. gr. – Samskipti við sveitarstjórn

- Sveitarstjóri er tengiliður ráðsins við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Ungmennaráð kemur erindum sínum á framfæri formlega (bréf, tölvupóst).
- Fundargerðir eru kynntar sveitarstjórn.

Samþykktir skulu endurskoðaðar að hausti 2027.

Samþykktir ungmennaráðs samþykktar á 169. fundi sveitarstjórnar 21. Apríl 2026

Handbók ungmennaráðs Svalbarðsstrandarhrepps

Inngangur

- Starfsemi ungmennaráðs byggir á **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** og **Æskulýðslögum nr. 70/2007**.
- Grunnstoð er réttur ungs fólks til þátttöku og tjáningar.

Markmið og hlutverk

- Veita fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Skapa leiðir til að koma sjónarmiðum ungmenna á framfæri.
- Efla virkni ungs fólks í samfélagsmálum.
- Ráðið er ráðgefandi fyrir sveitarstjóra og sveitarstjórn.

Val á fulltrúum

- Formaður og varaformaður eru kosnir á fyrsta fundi ungmennaráðs.

Fundir

- Þrír fundir eru á ári og eru þeir kl. 14:00 á virkum degi. Fyrsti fundur á hverju starfsári ráðsins er í september. Á þeim fundi er sett upp fundardagskrá fyrir starfsárið sem fylgir skóladagatali Valsárskóla.
- Fundarstjórn: formaður ráðsins stjórnar fundi og ritari skráir fundargerðir.
- Sveitarstjóri og umsjónarmaður félagsmiðstöðvar sitja fundi og leiðbeina um vinnu ráðsins.

Afgreiðsla mála

1. Hugmynd rædd og rökstudd í ungmennaráði.
2. Sveitarstjórn samþykkir, hafnar, vísar til nefndar eða frestar afgreiðslu.

Fjárhagslegt úrræði

- Sveitarfélagið greiðir fyrir ferða og uppihald fulltrúa á ungmennaþing SSNE.

Samskipti og tengslanet

- Sveitarstjóri er tengiliður við stjórnkerfi sveitarfélagsins.

- Formleg boð og fundargerðir eru sendar sveitarstjórn.

Ungmennaþing

- Sameiginlegur viðburður SSNE til valdeflingar og til að mynda tengsl.
- Fulltrúar úr ungmennaráði/nemendaráði taka þátt ásamt umsjónarmanni félags miðstöðvar.

Hægt er að fá nánari upplýsingar um ungmennaráð úr ,,Handbók ungmennaráð sveitarfélagana ” sem gefin var út árið 2017. Sjá:
Handbók-ungmennaráða-lokaafurð-2.pdf